

**Nd.**

**246. Nefndarálit**

**[95. mál]**

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á lögum nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum. Sæmundur Friðriksson, framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar, mætti á einum fundi nefndarinnar, og var rætt við hann um efni frv. og þær breytingar, sem í því felast á núgildandi lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Landbúnaðarnefnd mælir með samþykkt frv. með eftirtöldum

**BREYTINGUM:**

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „ búferlaflutningum“ í síðustu mgr. komi: búfjárflutningum.
2. Við 7. gr.
  - a. Á eftir orðinu „sauðfjársjúkdómanefnd“ í 1. mgr. komi: með samþykki yfirdýralæknis.
  - b. Orðið „um“ í 3. másl. 1. mgr. falli burt.
3. Við 8. gr. Í stað orðsins „búferlaflutninga“ í 1. mgr. komi: búfjárflutninga.

Alþingi, 18. febr. 1967.

Gunnar Gíslason,  
form., frsm.  
Jónas Pétursson.

Benedikt Gröndal,  
fundaskr.  
Björn Pálsson.  
Steingrímur Pálsson.

Gísli Guðmundsson.  
Sverrir Júlíusson.